

Fundargerð stjórnar

71. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn fimmtudaginn 23. febrúar, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)

Mættir: Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson.

Einnig mætti á fundinn: Óskar Sigurðsson, lögmaður og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00

1. Umsóknir um stöðu varaslökkviliðsstjóra

Lagt fram álit Óskars Sigurðssonar hrl. um hvernig staðið skuli að ráðningu varaslökkvistjóra samkvæmt lögum og samþykktum, þ.e. valdbærni og heimildir til ráðningar. Óskar tók þátt í umræðum undir þessum lið. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum er ráðning starfsmanna slökkviliðsins, annarra en slökkviliðsstjóra, á hendi slökkviliðsstjóra.

2. Önnur mál.

a) Samstarfsmál vegna slökkviliðs Gnúpverja

Slökkviliðsstjóri greindi frá fundi sem hann átti með sveitarstjórnarmönnum og slökkviliðsmönnum í Skeiða og Gnúpverjahreppi í síðustu viku þar sem farið var yfir skipulagsmál slökkviliðsins o.fl.

Einnig greindi hann frá fundi sem hann átti með formanni Brunavarnaráðs Rangárvallasýslu þar sem rætt var um samstarf varðandi málefni eldvarnaeftirlits og eiturefnavinnu.

Einnig var aðkoma slökkviliðs Rangárvallasýslu að eftirliti í virkjunum Landsvirkjunar rædd. Minnispunktar frá fundinum lagðir fram. Unnið verður að samkomulagi brunavarnanna annarsvegar og Landsvirkjunar hinsvegar um eldvarnaeftirlit.

b) Húsnæðismál (Ný slökkvistöð)

Slökkviliðsstjóri sagði frá fundi sem björgunarsveitarmenn boðuðu til um innra skipulag nýrrar slökkvistöðvar. Fundargerð lögð fram.

c) Rekstarmál slökkviliða

Slökkviliðsstjóri sagði frá fundi sem hann og tveir aðrir slökkviliðsstjórar úr stjórn félags slökkviliðsstjóra, þeir Jón Viðar Matthíasson sl.stjóri í Reykjavík og Sigmundur Eyþórsson, sl.stjóri Reykjanesbæ áttu með formanni Sambands ísl. sveitarfélaga, Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni um rekstarmál slökkviliða með það í huga að lagfæra ýmis mál gagnvart ríkinu þar sem misræmi ríkir.

Umræðuefnið var: Endurgreiðsla á virðisaukaskatti, vörugjaldsmál, olúgjald, talstöðvar, klippur, eiturefnin, meiraprófið, launamál hlutastarfandi slökkviliðsmanna, Almannavarnir.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 12.00

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson Snæbjörn Sigurðsson

Kristján Einarsson